

Minnisblað

Höfundur: Starfshópur um öryggi siglinga
23. nóvember 2022
Tilvísun: 201904039 / 3.0

Efni: Tillögur starfshóps um öryggi siglinga

Í júní 2022 var samþykkt að auglýsa tillögur að strandsvæðisskipulagi fyrir Vestfirði og Austfirði. Skipulagstillögurnar ásamt fylgigögnum voru birtar á vef Skipulagsstofnunar og stóð kynningartími beggja tillagna yfir frá 15. júní - 15. september.

Á kynningartímanum bárust í heildina 125 athugasemdir við tillögu að strandsvæðisskipulagi á Vestfjörðum og 97 athugasemdir við tillögu að strandsvæðisskipulagi á Austfjörðum, en hægt er að nálgast framkomnar athugasemdir við skipulagstillögunum á vef Skipulagsstofnunar. Þeirra á meðal voru viðbótarumsagnir frá Samgöngustofu og Vegagerðinni, sem bárust Skipulagsstofnun 6. október. Í sameiginlegri umsögn Samgöngustofu og Vegagerðarinnar kom fram að stofnanirnar hafi rýnt tillögurnar ítarlegar en þær hafi gert áður og með siglingaöryggi að leiðarljósi. Bent var á að öryggi siglinga hafi á tilteknum svæðum í tillögunum verið vikið til hliðar fyrir svæði sem tilheyra nýtingarflokknum *Staðbundin nýting* og að fyrirkomulag eldis gæti á vissum stöðum ekki gengið upp eins og það hafi verið sett fram í tillögum um strandsvæðisskipulag. Mat Samgöngustofu og Vegagerðarinnar var að ekki væri hægt að taka þau svæði í notkun miðað við núverandi fyrirkomulag siglingamerkinga.

Til að bregðast við þessum ábendingum var óskað eftir fundi með innviðaráðuneytinu og skipaði ráðherra í kjölfarið *Starfshóp um öryggi siglinga*.

Starfshópnum var ætlað það verk að bregðast við þeim atriðum sem dregin voru fram í viðbótarumsögnum Samgöngustofu og Vegagerðarinnar, og að leggja fram tillögur að breyttri útfærslu strandsvæðisskipulags eða að viðunandi mótvægisáðgerðum til Skipulagsstofnunar.

Í starfshópnum sitja eftirfarandi aðilar:

- Ólafur Árnason, fulltrúi Skipulagsstofnunar og formaður starfshóps
- Halldór Ó. Zoëga, fulltrúi Samgöngustofu
- Greipur Gíslí Sigurðsson, fulltrúi Vegagerðarinnar
- Sigurður Sigurðarson, fulltrúi Vegagerðarinnar

Starfshópurinn fundaði níu sinnum ásamt starfsmönnum Skipulagsstofnunar og Ástu Guðrúnu Beck, lögfræðingi hjá Vegagerðinni. Auk þess var fundað með eftirfarandi aðilum um tillögur starfshóps: Fulltrúum Landhelgisgæslunnar, Matvælastofnunar, skipstjórnarmanna auk hafnarstjóra Ísafjarðarbæjar, Bolungarvíkur og Vesturbyggðar. Vinnan fór fram á tímabilinu 18. október til 23. nóvember.

Niðurstaða starfshópsins fylgir þessu minnisblaði í viðauka 1. Einnig er í viðauka 2 fjallað nánar um hvítan geisla geiravita.

1. Atriði til umfjöllunar

Til umfjöllunar starfshóps voru reitir staðbundinnar nýtingar þar sem gert er ráð fyrir eldi og eru merktir í hvítum ljósgeira vita eða höfðu áhrif á siglingaöryggi með öðrum hætti. Sigling í hvítum geira á með öllu að vera hindranalaus og örugg, en samkvæmt alþjóðasamningi sem Ísland er aðili að er

hindrun á hvítum ljósgeira óheimil og sett fram í 4. gr. laga um vitamál. *Viðauki 2* fjallar ítarlega um hvítan ljósgeira vita, þýðingu hans á alþjóðlegum vettvangi og lagalegan grundvöll til að halda hvítum ljósgeira hreinum.

Afmörkun reita samkvæmt nýtingarflokknum *Staðbundin nýting* í skipulagstillögnum byggir helst á gildandi leyfum til eldis eða umsókna um starfsemi sem er komin langt á veg í umsóknarferli. Auk svæða sem staðsett eru í hvítum ljósgeira er í viðbótarumsögnum Samgöngustofu og Vegagerðarinnar einnig dregin fram nokkur svæði sem þrengja að hefðbundnum siglingaleiðum. Siglingaleiðir hafa hingað til ekki verið skilgreindar sérstaklega, nema fyrir Reykjanes, en venjan er að sigld er stysta örugga leiðin. Út frá AIS gögnum¹ má sjá hvar slíkar leiðir hafa legið og gerir skipulagið víða ráð fyrir að siglingar muni færast frá hefðbundnum leiðum vegna nýrrar starfsemi á strandsvæðum.

2. Viðbrögð starfshóps og önnur atriði

Eftirfarandi samantekt dregur fram tillögur starfshóps, en ítarlegri umfjöllun um hvert svæði fyrir sig má finna í *Viðauka 1*.

Ábendingar starfshópsins eru af tvennum toga. Í fyrsta lagi eru lagðar til mótvægisáðgerðir sem ráðast þarf í. Þetta á við um svæði þar sem leyfi liggja fyrir eða leyfi eru í umsóknarferli. Þessar áðgerðir lúta að breyttu fyrirkomulagi merkinga, s.s. breytingum á hvítum ljósgeira og viðbótarlýsingu og merkingum við svæði, ákvæði um lágmarksdýpi festinga o.s.frv. Einnig eru gerðar tillögur að því að skerpa á ákvæðum skipulagstillagnanna um fyrirkomulag búnaðar vegna fiskeldis til að tryggja siglingaöryggi.

Í flestum tilvikum er talið mögulegt að tryggja siglingaöryggi með breyttum merkingum. Það getur t.d. þýtt þrengingu hvíts ljósgeira á vissum stöðum, endurnýjun á stefnuvita eða viðbætur á yfirborðsmerkingum til að beina sjófarendum um öruggan farveg og frá hindrunum, líkt og kvíastæðum. Einnig eru gerðar ábendingar um að auka ljósmagn vita í vissum tilfellum þar sem bakgrunnslýsing vitastæðis þar sem kvíar eru staðsettar í hættugeirum vitans hefur aukist með tilkomu upplýstra kvía og vinnulýsingar í áður afskekktum og ljóslausum fjörðum, sem hefur áhrif á auglýsta sjónarlengd vita í Vitaskrá Íslands og sjókortum, en slíkt þarf að meta í hverju tilfelli fyrir sig.

Til viðbótar við tillögur að breyttu fyrirkomulag merkinga bætast við ákvæði í skipulagstillögum um þá reiti sem ýmist falla innan hvíts geira eða eru nær mörkum hans en 50 metrar en í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 er kveðið á um að ekki megi sigla nær jaðri sjókvíaeldisstöðvar en 50 m. Jafnframt er bent á að auk framangreindrar 50 metra lágmarksfjarlægðar kann í einstaka tilvikum, þar sem svo háttar til vegna staðbundinna aðstæðna, að vera ástæða til að setja skilyrði um lengri fjarlægðir. Slíkt þarf nánari skoðunar við samhliða áhættumati sem samkvæmt alþjóðsamningi um öryggi mannlífa á hafinu, SOLAS samningnum, á að vinna þegar sett eru upp leiðarmerki fyrir siglingar. Ákvæðin hljóða eftirfarandi:

- Við ákvörðun um ný leyfi skal umsækjandi leggja fram gögn um staðsetningu sjókvíaeldisstöðvar, festinga og sjómerkinga sem áætlað er að setja upp ásamt áhættumati um siglingaöryggi og leita umsagnar Vegagerðarinnar, Samgöngustofu, Landhelgisgæslunnar og viðkomandi hafnaryfirvalda.
- Þar sem leyfissvæði fiskeldis liggur að hvítum ljósgeira vitaljósa skal sjókvíaeldisstöð ekki vera nær mörkum ljósgeirans en 50 metra, nema að áhættumat leiði í ljós að fjarlægðin þurfi að vera meiri. Botnfestingar fiskeldiskvía (tóg og akkeri) skulu vera á meira en 15 metra dýpi (miðað við sjókortanúll) þar sem þær eru innan þess svæðis sem hvítur vitageiri afmarkar. Í sumum tilvikum er lagt til að þetta dýpi sé 20 metrar.

¹ Automatic Identification System

Auk þess er eftirfarandi ákvæði sett fram á þeim reitum sem þrengja að siglingaleið:

- Við nýtingu innan reitsins þarf að gæta að öryggi siglinga á [aðliggjandi siglingareit], þar með talið við útsetningu á búnaði og þjónustu við staðbundna nýtingu.

Ofantalin ákvæði tryggja að:

- Ákvarðanir um staðsetningar á eldisbúnaði uppfylli kröfur um siglingaöryggi og séu í samræmi við lög um vitamál nr. 132/1999.
- Fyrirkomulag búnaðar eldiskvía og kvíarnar sjálfar verði ekki hindrun í hvítum ljósgeira. Botnfestingar kvía eru settar þeim kvöðum að vera í að minnsta kosti 15 metra dýpi þar sem eldissvæði mætir hvítum ljósgeira. Miðað er við 15 metra í flestum tilfellum og er það dýpi talið veita nægilegt rými fyrir óhindraða siglingu djúpristra skipa sem um hvítan ljósgeira fara. Í Reyðarfirði er lagt til að miðað verði við 20 metra vegna stærðar þeirra skipa sem þar sigla.
- Sérstaklega verði hugað að öryggi siglinga þegar búnaður er settur út vegna eldisstarfsemi, þar sem SN reitur liggur að skilgreindri siglingaleið.

Í tillögum starfshóps er gerður greinarmunur á þeim leyfum til eldis sem þegar eru í gildi og þeirra framkvæmda sem eru í leyfisumsókn. Það endurspeglast í því að lengra er gengið í að finna tæknilegar útfærslur varðandi leyfi í gildi en fyrir leyfi í umsóknarferli er gert ráð fyrir að hægt sé að aðlaga mörk og lögum eldissvæðanna að siglingaleiðum og siglingaöryggi.

Í tillögum starfshópsins eru gerðar tillögur að ákvæðum um hvert svæði en starfshópurinn lætur það í hendur svæðisráða að ákveða hvort betur geti átt við að setja einhver þeirra fram sem almenn ákvæði sem eigi við öll svæði.

2.1 Eftirlit og framfylgni

Það er niðurstaða starfshópsins að til framtíðar sé nauðsynlegt að skerpa umfjöllun um málefni siglingaöryggis við áætlanagerð og í leyfisveitingarferli fyrir einstaka framkvæmdir og tryggja að umsagnaraðilar komi sem fyrst að ferlinu. Þetta á við um vinnu Hafrannsóknarstofnunar um úthlutun eldissvæða, gerð strandsvæðisskipulags á nýjum svæðum, umhverfismat einstakra verkefna og leyfisveitingarferli þeirra. Hvítur geiri á ávallt að vera án hindrana á yfirborði sjávar, og þarf að taka mið af því við útgáfu leyfa.

Lagt er til að ekki verði gefin út frekari leyfi fyrir eldi í hvítum ljósgeira vita heldur hafi öryggi siglinga þar forgang. Í mörgum tilvikum er mögulegt að skoða staðsetningu fiskeldis innan svæða sem við núverandi aðstæður eru innan hvíts ljósgeira. Ákvörðun um slíkt kallar á breyttar merkingar sem útfæra þarf í samráði við alla hagsmunaaðila. Við slíka útfærslu skal vinna áhættumat sem leiðir í ljós hvort breytt siglingarmerki tryggi örugga för sjófarenda og að nauðsynlegar öryggisfjarlægðir á milli siglingarleiða og búnaðar vegna fiskeldis séu tryggðar.

Æskilegt er að hefjast þegar handa við að skilgreina og skipuleggja siglingaleiðir til hafna landsins, sem þá væru svæði sem ekki væru tiltæk til annarrar starfsemi. Slíkt myndi einfalda framtíðarvinnu við strandsvæðisskipulag og leyfisveitingar.

Matvælastofnun sér lögum samkvæmt um eftirlit með framfylgni þeirra skilyrða sem eru sett fram í strandsvæðisskipulagi og lúta að fyrirkomulagi búnaðar rekstraraðila vegna eldisstarfsemi. Leyfisveitendur bera ábyrgð á að gæta að öllum þeim skilyrðum sem sett eru fram í skipulagstillögunum tveimur og í umhverfismati einstakra verkefna sé fylgt eftir, og er þá mikilvægt að hægt verði að kalla eftir gögnum þar um frá viðeigandi stofnunum sbr. 8. gr. laga um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018. Mikilvægt er að skerpa á ábyrgð á eftirliti með framfylgd mótþægisaðgerða er lúta að siglingaöryggi og eðlilegt að viðkomandi hafnaryfirvöld, Vegagerðin og Samgöngustofa komi þar að. Einnig þarf að skerpa á að þegar rekstraraðilar fiskeldiskvía setja upp lögbundin sjómerki í samræmi við lög um fiskeldi að það sé gert í samráði við Vegagerðina í samræmi við lög um vitamál og Samgöngustofa heimili að taka sjómerkin í notkun skv. ákvæðum sömu laga.

2.2 Útlagður kostnaður vegna mótvægisáðgerða

Kostnaður hefur ekki verið rýndur enda háður endanlegri tilhögun mótvægisáðgerða. Gera má þó ráð fyrir að kostnaður sé fyrst og fremst í endurnýjun á búnaði ljósvita og/eða endurstillingu ljósgeira ásamt innkaupum og útsetningu á baujum. Bygging á nýjum vitum er að mestu fólgin í að finna ný vitastæði, orkuöflun og innkaup á ljósbúnaði. Eðlilegt er rekstraraðilar fiskeldis standi undir þessum kostnaði það þar sem um er að ræða mótvægisáðgerðir sem ráðast þarf í vegna þeirra starfsemi.

Viðaukar minnisblaðs

Viðauki 1: Strandsvæðisskipulag Vestfjarða - tillögur starfshóps fyrir einstaka reiti


Viðauki 2: Minnisblað um hvítan geisla geiravita

Viðauki 1: Strandsvæðsskipulag Vestfjarða

- tillögur starfshóps um öryggi siglinga

fyrir einstaka reiti

23.11.2022



Efnisyfirlit

Ísafjarðardjúp	4
SN21 Óshlíð.....	4
SN23 Arnarnes.....	5
SN26 Kirkjusund.....	7
SN31 Kaldalón.....	8
SN32 Eyjahlíð.....	9
Álftafjörður / Súðavík.....	10
SN24 Langeyri.....	10
Önundarfjörður	11
SN19 Ingjaldssandur og Valþjófsdalur	11
SN20 Önundarfjörður.....	12
Dýrafjörður	13
SN15 Eyrarhlíð	13
SN18 Skagahlíð	14
Arnarfjörður.....	15
SN6 Kirkjuból.....	15
SN7 Hringsdalur	16
SN8 Hrísdalur	16
SN12 Langanesströnd	17
Tálknafjörður.....	18
SN5 Laugardalur	18

Patreksfjörður..... 18

SN1 Kvíngindisdalur 18

SN21 Óshlíð

Athugasemd Vegagerðarinnar og Samgöngustofu:

SN21 er í hvítum ljósgeira frá vitanum á Arnarnesi. Þar hefur skipulögð siglingaleið verið sveigð frá landi, frá viðtekinni siglingaleið.

Lýsing og ákvæði reits í tillögu:

Innan skipulagsreitsins liggur fyrir umsókn um leyfi til fiskeldis. Líklegt er að umferð verði mikil nærri eldissvæði. Samkvæmt gögnum Hafrannsóknastofnunar um veiðar á árunum 2015-2019 hafa verið stundaðar dragnóta-, neta-, línu- og krókaveiðar á reitnum. Samkvæmt siglingagögnum frá PAME fyrir árin 2017-2020 fer töluverð umferð skipa um reitinn, jafnt minni sem stærri skipa á bilinu 50.000 til 99.999 tonn. Siglingaleið mun því færast nær miðju Ísafjarðardjúps. Aðliggjandi er skipulagsreitur fyrir *Siglingar*, SI6. Reiturinn er að hluta innan siglingageira Arnarnesvita sem hefur áhrif á fyrirkomulag búnaðar innan reitsins þar sem ekki má sigla nær jaðri sjókvíaeldisstöðva en 50 metra samkvæmt reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020.

- Við ákvörðun um leyfisveitingar skal leita umsagnar Landhelgisgæslunnar og Samgöngustofu um staðsetningu sjókvíaeldisstöðvar og festinga.
- Við nýtingu innan reitsins þarf að gæta að öryggi siglinga á SI6, þar með talið við útsetningu á búnaði og þjónustu við staðbundna nýtingu.

Á reit SN21 er umsókn um leyfi (Arnarlax). Staðsetning leyfisumsóknar er óheppileg þar sem hvítur geiri sem grípur alla umferð inn í Ísafjarðardjúp í dag yrði verulega skertur. Tæknilegar úrlausnir eru mögulegar, m.a. að þrengja hvítan geira Arnarnesvita og á móti reisa vita að Bjarnarnúpi. Lita þyrfti Óshólavita rauðan fyrir það svæði þar sem SN reitur fellur í hvítan geira hans. Aðgerðir til að tryggja öryggi siglinga gætu orðið kostnaðarsamar þar sem mögulega þarf að byggja nýjan vita. Einnig þarf mögulega að auka ljósmagn Arnarnesvita/Óshólavita þar sem vinnusvæði er komið fyrir framan þessa vita sem rýrir sjónarlengd þeirra vegna aukins ljósmagns fyrir nætursiglingar og endurmæla þarf þá upp miðað við breyttrar nýtingar á strandsvæðinu fyrir framan þá og ljósmengunar sem mögulega yrði frá kvíunum. Það þarf að gerast í samræmi við lög um vitamál þar sem merkingar á kvíum skulu gerast í samráði við Vegagerðina og þá þarf að taka tillit til m.a. væntrar starfsemi og umfangs og kvaðir um að leyfishafi skermi af vinnulýsingu sem lýsir út til sjós.

Tillaga starfshóps:

Mögulegt er að halda SN21 í tillögu en bæta þarf við ákvæðum um fjarlægð kvía frá mörkum hvíts geira og dýpi botnfestinga. Þannig sé gefið til kynna að eldi sé ekki mögulegt án breytts fyrirkomulags merkinga á svæðinu. Breyta þarf sjómerkjum til að koma til móts við þarfir um eldi og tryggja siglingaöryggi. Við breytinguna þarf að hafa samráð við Vegagerðina, Samgöngustofu og Landhelgisgæsluna, ásamt viðkomandi hafnaryfirvöldum á svæðinu.

	<p><i>Lögð er til eftirfarandi breyting á lýsingu og ákvæðum skipulagsreits í greinargerð auglýstrar tillögu að strandsvæðisskipulagi:</i></p> <p>Reiturinn er innan siglingageira Arnarnesvita sem hefur áhrif á fyrirkomulag búnaðar innan reitsins þar sem ekki má sigla nær jaðri sjókvíaeldisstöðva en 50 metra samkvæmt reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020.</p> <p>Þar sem leyfissvæði fiskeldis liggur að hvítum ljósgeira vitaljósa skal sjókvíaeldisstöð hvorki vera innan hans eða nær mörkum ljósgeirans en 50 metra, nema áhættumat leiði í ljós að fjarlægð þurfi að vera meiri. Botnfestingar fiskeldiskvía (tóg og akkeri) skulu vera á meira en 15 metra dýpi (miðað við sjókortanúll) þar sem þær eru innan þess svæðis sem hvítur vitageiri afmarkar. Einnig þarf að koma til skermun á vinnuljósum til sjós.</p> <p>Breyta þarf sjómerkjum til að koma til móts við þarfir um eldi og tryggja siglingaöryggi.</p> <p>Við ákvörðun um leyfisveitingar skal umsækjandi leggja fram gögn um staðsetningu sjókvíaeldisstöðvar,-festinga og sjómerkinga sem áætlað er að setja upp ásamt áhættumati um siglingaöryggi og leita umsagnar Vegagerðarinnar, Samgöngustofu, Landhelgisgæslunnar og viðkomandi hafnaryfirvalda.</p>
<p>SN23 Arnarnes</p>	
<p><i>Athugasemd Vegagerðarinnar og Samgöngustofu:</i></p> <p>SN23 er á hefðbundinni siglingaleið, sem þá hefur verið skipulögð fjær landi. Útlit svæðis er ekki heppilegt m.t.t. fyrirsjáanleika þegar siglt er meðfram kvínni þar sem hún er ekki samhverf og hún skagar í átt að siglingaleið meira á annan veginn en hinn þegar siglt er inn til Súðavíkur.</p>	<p>Á svæðinu eru tvö leyfi í gildi (Háafell) og eitt í umsóknarferli (Arctic Sea Farm). Tvær umsagnir bárust Skipulagsstofnun þar sem lagt er til að skipta reitnum upp til að rýmka fyrir umferð minni báta um svæðið og meðfram landi.</p> <p><i>Tillaga starfshóps m.t.t. mótvægisáðgerða:</i></p>

Lýsing og ákvæði reits í tillögu:

Innan skipulagsreitsins liggja fyrir umsóknir um leyfi til fiskeldis. Samkvæmt siglingagögnum frá PAME fyrir árin 2017-2020 er töluverð umferð skipa um reitinn. Siglingar munu því færast nær miðju Ísafjarðardjúps. Aðliggjandi er skipulagsreitur fyrir *Siglingar*, SI6. Í samráði við gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum kom fram að skemmtisiglingar, þ.m.t. skútu- og kajaksiglingar, væru stundaðar innan reitsins. Reiturinn er að hluta innan siglingageira Arnarnesvita sem hefur áhrif á fyrirkomulag búnaðar innan reitsins þar sem ekki má sigla nær jaðri sjókvíaeldisstöðva en 50 metra samkvæmt reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020.

- Við ákvörðun um leyfisveitingar skal leita umsagnar Landhelgisgæslunnar og Samgöngustofu um staðsetningu sjókvíaeldisstöðvar og festinga.
- Við nýtingu innan reitsins þarf að gæta að öryggi siglinga á SI6, þar með talið við útsetningu á búnaði og þjónustu við staðbundna nýtingu.

Lagt er til að reit SN23 verði skipt upp til að hleypa hvítum geira í gegn og að teknu tilliti til annarra umsagna sem bárust um reitinn.

Hugsanlega þarf að bæta merkingum við þar sem útgefin leyfi liggja. Skoða þarf hvort koma þurfi til aukningar á ljósmagni Arnarnesvita í samræmi við vænta aukningu í forlýsingu fyrir framann vitann eða hvort skerma þurfi vinnulýsingu leyfishafa þar sem vinnuljós sem lýsir til hafs getur verið villuljós fyrir sjófarendur því það dregur úr sjáanleika vitaljóss sem er til staðar fyrir aftan svæðið.

Einnig er mögulegt að setja nýjan vita á Kampsnes fyrir stýringu meðfram svæðinu og væntanlega umferð stórra skipa inn til Súðavíkur og Kalkþörungsverksmiðju.

Tillaga starfshóps m.t.t. útfærslu strandsvæðisskipulags:

Lagt er til að bæta Vegagerðinni við sem umsagnaraðila í ákvæðum um samráð í tillögunni og bæta við ákvæði um fjarlægð kvía frá mörkum hvíts geira. Það hvort ákvæði séu nauðsynleg fyrir reiti veltir á útfærslu þeirra, þ.e. hversu nálægt mörkum ljósgeira þeir komi til með að vera.

Viðbætur við lýsingu og ákvæði við reiti sem skapast eftir uppskiptingu SN23 eru eftirfarandi:

Reiturinn liggur að siglingageira Arnarnesvita sem hefur áhrif á fyrirkomulag búnaðar innan reitsins þar sem ekki má sigla nær jaðri sjókvíaeldisstöðva en 50 metra samkvæmt reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020.

- Við ákvörðun um leyfi skal umsækjandi leggja fram gögn um staðsetningu sjókvíaeldisstöðvar, festinga og sjómerkinga sem áætlað er að setja upp ásamt áhættumati um siglingaöryggi og leita umsagnar Vegagerðarinnar,

	<p>Samgöngustofu, Landhelgisgæslunnar og viðkomandi hafnaryfirvalda.</p> <ul style="list-style-type: none"> - Gera skal kröfu um skermun vinnulýsingar til sjós. - Þar sem leyfissvæði fiskeldis liggur að hvítum ljósgeira vitaljósa skal sjókvíaeldisstöð ekki vera nær mörkum ljósgeirans en 50 metra, nema áhættumat leiði í ljós að fjarlægð þurfi að vera meiri.
--	--

SN26 Kirkjusund

Athugasemd Vegagerðarinnar og Samgöngustofu:

SN26 Er í hvítum ljósgeira frá vitanum á Arnarnesi.

Lýsing og ákvæði reits í tillögu:

Innan skipulagsreitsins liggur fyrir umsókn um leyfi til fiskeldis. Samkvæmt gögnum Hafrannsóknastofnunar um veiðar á árunum 2015-2019 hafa verið stundaðar veiðar með rækjuvörpu, krók og línu innan reitsins. Reiturinn er inni á svæði sem Náttúrufræðistofnun hefur lagt til að fari á B-hluta náttúruminjaskrár. Nærri er eyjan Vigur sem er vinsæll viðkomustaður ferðamanna. Náttúrufræðistofnun hefur lagt til að nágrenni eyjunnar verði á B-hluta náttúruminjaskrár vegna fuglalífs en eyjan og nágrenni hennar er skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði og þar er friðlýst æðarvarp. Takmarkanir eru á notkun skotvopna og lagningu neta í sjó nálægt friðlýstu æðarvarpi skv. reglugerð nr. 252/1996. Takmarkanir eru á notkun skotvopna og lagningu neta í sjó nálægt friðlýstu æðarvarpi skv. reglugerð nr. 252/1996.

- Við ákvörðun um leyfisveitingar skal taka afstöðu til vöktunar fuglalífs þar sem starfsemi kann að hafa áhrif á það.
- Við ákvörðun um leyfisveitingar skal taka afstöðu til sjónrænna áhrifa af starfsemi.

Á reit SN26 er leyfi í umsókn (Arctic Sea Farm). Reitur er á miklu grynningarsvæði sem gerir það að verkum að ekki er æskilegt að þrengja hvítan geira.

Tillaga starfshóps m.t.t. útfærslu strandsvæðisskipulags:

Lagt er til að halda í legu reits en bæta við ákvæði um umsagnaraðila og ákvæði um fjarlægð kvía frá mörkum hvíts geira og dýpi botnfestinga.

Viðbætur við lýsingu reits og ákvæði eru því eftirfarandi:

Reiturinn er að hluta innan hvíta ljósgeira Arnarnesvita sem hefur áhrif á fyrirkomulag búnaðar innan reitsins þar sem ekki má sigla nær jaðri sjókvíaeldisstöðva en 50 metra samkvæmt reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020.

- Þar sem leyfissvæði fiskeldis liggur að hvítum ljósgeira vitaljósa skal sjókvíaeldisstöð hvorki vera innan hans eða nær mörkum ljósgeirans en 50 metra, nema áhættumat leiði í ljós að fjarlægðin þurfi að vera meiri. Botnfestingar fiskeldiskvía (tóg og akkeri) skulu vera á meira en 15 metra dýpi (miðað við sjókortanúll) þar sem þær eru innan þess svæðis sem hvítur vitageiri afmarkar.
- Við ákvörðun um leyfi skal umsækjandi leggja fram gögn um staðsetningu sjókvíaeldisstöðvar, festinga og sjómerkinga sem áætlað er að setja upp ásamt áhættumati um siglingaöryggi og

SN31 Kaldalón

Athugasemd Vegagerðarinnar og Samgöngustofu:

SN31 er í hvítum ljósgeira frá vitanum í Æðey.

Lýsing og ákvæði reits í tillögu:

Á skipulagsreitnum eru leyfi til fiskeldis og efnistöku kalkþörungasetts. Innan reitsins er rannsóknarsvæði Hafrannsóknastofnunar. Samkvæmt gögnum Hafrannsóknastofnunar um veiðar á árunum 2015-2019 hafa verið stundaðar plóg- og línuveiðar á litlum hluta reitsins ásamt rækjuveiðum. Í samráði um gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum kom fram að á svæðinu væru rækjumið. Aðliggjandi land á Snæfjallaströnd, sem Náttúrufræðistofnun hefur lagt til að fari á B-hluta náttúruminjaskrár vegna jarðminja, er einnig á náttúruminjaskrá og nýtur hverfisverndar vegna fjölbreytts og mikilfenglegs landslags með hrikalegum fjöllum, ýmsum berggerðum, jökulgörðum og óshólmum auk fjölskrúðugs gróðurs og dýralífs. Reiturinn liggur við Æðey sem Náttúrufræðistofnun hefur einnig lagt til að fari á B-hluta náttúruminjaskrár vegna fuglalífs. Í samráði við gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum kom fram að kajaksiglingar væru stundaðar innan reitsins og í nágrenni hans og að Kaldalón væri mikilvægt fyrir sérstöðu svæðisins. Þá er Snæfjallaströndin og Drangajökulssvæðið allt vinsælt göngusvæði. Reiturinn er að hluta til innan siglingageira Æðeyjarvita sem hefur áhrif á fyrirkomulag búnaðar innan reitsins þar sem ekki má sigla nær jaðri sjókvíaeldisstöðva en 50 metra samkvæmt reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020.

Tvö leyfi í gildi (Háafell), og er annað af útgefnum leyfum að fullu inni í hvítum geira.

Tillaga starfshóps m.t.t. mótvægisáðgerða:

Lagt er til að merkingar verði settar niður sem málamiðlun við útgefnu leyfi sem er staðsett í hvítum geira.

Merkja þarf annarsvegar siglingaleiðina frá innanverðu Djúpinu og út Ísafjarðardjúp, með því að setja Vesturmerki á horn svæðisins sem vísar siglingum í hvítan geira Arnarnesvita. Hinsvegar þarf að merkja siglingaleiðina frá miðbik Djúpsins og stefnan sett á innanvert Djúpið með Suðurmerki og hvítum geira Æðeyjarvita fylgt.

Þannig þarf að bæta við tveimur höfuðáttamerkjum (Vesturmerki og Suðurmerki) sem staðsetja skal á mörkum svæðisins í suðurátt annarsvegar og hinvegar vestan megin við svæðið sem vísi þannig siglingum frá svæðinu eftir því úr hvorri áttinni er siglt að svæðinu og á hreinan sjó. Einnig þarf vinnulýsing að vera skermuð af þannig að hún lýsi ekki út á sjó. Í framtíðinni þarf að færa til svæðið þannig að það sé ekki inni á hvítum ljósgeisla.

Tillaga starfshóps m.t.t. útfærslu strandsvæðisskipulags:

Lagt er til að bæta Vegagerðinni við sem umsagnaraðila í ákvæðum um samráð í tillögunni og bæta við ákvæði um fjarlægð kvía frá mörkum hvíts geira og dýpi botnfestinga.

<ul style="list-style-type: none"> - Við ákvörðun um leyfisveitingar skal leita umsagnar Landhelgisgæslunnar og Samgöngustofu um staðsetningu sjókvíaeldisstöðvar og festinga. - Við ákvörðun um leyfisveitingar skal taka afstöðu til sjónrænna áhrifa af starfsemi. - Við ákvörðun um leyfisveitingar skal taka afstöðu til vöktunar fuglalífs þar sem starfsemi kann að hafa áhrif á það. 	<p>Viðbætur við lýsingu reits og ákvæði eru eftirfarandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> - Við ákvörðun um leyfi skal umsækjandi leggja fram gögn um staðsetningu sjókvíaeldisstöðvar, festinga og sjómerkinga sem áætlað er að setja upp ásamt áhættumati um siglingaöryggi og leita umsagnar Vegagerðarinnar, Samgöngustofu, Landhelgisgæslunnar og viðkomandi hafnaryfirvalda. - Þar sem leyfissvæði fiskeldis liggur að hvítum ljósgeira vitaljósa skal sjókvíaeldisstöð ekki vera nær mörkum ljósgeirans en 50 metra, nema áhættumat leiði í ljós að fjarlægð þurfi að vera meiri. Botnfestingar fiskeldiskvía (tóg og akkeri) skulu vera á meira en 15 metra dýpi (miðað við sjókortanúll) þar sem þær eru innan þess svæðis sem hvítur vitageiri afmarkar. - Gert er ráð fyrir að fiskeldi sé víkjandi á hvítum ljósgeira frá Æðeyjarvita og að ekki verði um endurnýjun leyfa eða útgáfu nýrra leyfa að ræða innan hans, nema siglingarmerkjum verði breytt. - Gera skal kröfu um skermun vinnulýsingar til sjós.
---	---

SN32 Eyjahlíð

<p><i>Athugasemd Vegagerðarinnar og Samgöngustofu:</i></p> <p>SN32 er í hvítum ljósgeira frá vitanum í Æðey.</p> <p><i>Lýsing og ákvæði reits í tillögu:</i></p> <p>Innan skipulagsreitsins liggur fyrir umsókn um leyfi til fiskeldis. Samkvæmt gögnum Hafrannsóknastofnunar um veiðar á árunum 2015-2019 hafa verið stundaðar plóg- og línuveiðar innan reitsins. Í samráði um gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum kom fram að á svæðinu væru rækjumíð. Reiturinn liggur nærri Æðey sem Náttúrufræðistofnun hefur einnig lagt til að fari á B-hluta</p>	<p>Á reit SN32 er leyfi í umsókn (Arnarlax). SN32 er inn í hvítum ljósgeira frá Æðeyjarvita sem stýrir siglingum inn Ísafjarðardjúp og að Æðey. Engin ákvæði eru í tillögunni sem snúa að siglingaöryggi.</p> <p><i>Tillaga starfshóps m.t.t. mótvægisáðgerða:</i></p> <p>Lagt er til að ekki verði heimilt að skipuleggja reit í hvítum ljósgeisla, enda er slíkt óheimilt skv. alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að. Mögulegt er að halda hafa starfsemi á þessu svæði ef siglingarleiðum er breytt. Ein leið til þess, sem þarfnast þó nánari skoðunar, er að slökkva á</p>
--	---

náttúruminjasrár vegna fuglalífs. Aðliggjandi land á Snæfjallaströnd, sem Náttúrufræðistofnun hefur lagt til að fari á B-hluta náttúruminjasrár, er á náttúruminjasrá og nýtur hverfisverndar vegna fjölbreytts og mikilfenglegs landslags. Þá er Snæfjallaströndin og Drangajökulssvæðið allt vinsælt göngusvæði.

- Við ákvörðun um leyfisveitingar skal taka afstöðu til sjónrænna áhrifa af starfsemi.
- Við ákvörðun um leyfisveitingar skal taka afstöðu til vöktunar fuglalífs þar sem starfsemi kann að hafa áhrif á fugla.

hvítum geira á Æðeyjarvita til vesturs en bæta við vita á Hólmatá (Ögurhólmi) sem markar örugga og fullnægjandi siglingarleið. Jafnframt væri mögulegt að halda í óbreytan geira en þrengja hann og færa eldissvæðið til norðaustur, út úr hvítum geira. Nánari útfærsla á nýrri siglingaleið þarfnast nánari útfærslu, rýni og samráðs við m.a. sjómannasamtök á svæðinu og notendur siglingaleiðanna og merkja.

Tillaga starfshóps m.t.t. útfærslu strandsvæðisskipulags:

Viðbætur við lýsingu og ákvæði eru eftirfarandi:

Reiturinn er innan hvíts siglingageira Æðeyjarvita sem hefur áhrif á fyrirkomulag búnaðar innan reitsins þar sem ekki má sigla nær jaðri sjókvíaeldisstöðva en 50 metra samkvæmt reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020.

- Við ákvörðun um leyfi skal umsækjandi leggja fram gögn um staðsetningu sjókvíaeldisstöðvar, festinga og sjómerkinga sem áætlað er að setja upp ásamt áhættumati um siglingaöryggi og leita umsagnar Vegagerðarinnar, Samgöngustofu, Landhelgisgæslunnar og viðkomandi hafnaryfirvalda.
- Þar sem leyfissvæði fiskeldis liggur að hvítum ljósgeira vitaljósa skal sjókvíaeldisstöð hvorki vera innan hans eða nær mörkum ljósgeirans en 50 metra, nema áhættumat leiði í ljós að fjarlægð þurfi að vera meiri. Botnfestingar fiskeldiskví (tóg og akkeri) skulu vera á meira en 15 metra dýpi (miðað við sjókortanúll) þar sem þær eru innan þess svæðis sem hvítur vitageiri afmarkar. Einnig þarf að koma til skermun á vinnuljósum til sjós.

ÁLFTAFJÖRÐUR / SÚÐAVÍK

SN24 Langeyri

Athugasemd Vegagerðarinnar og Samgöngustofu:

Skipulagt svæði SN24 þrengir verulega að siglingaleið og þröngvar skipum upp á grynningar austan í firðinum.

Lýsing og ákvæði reits í tillögu:

Á skipulagsreitnum er leyfi til fiskeldis. Aðliggjandi er skipulagsreitir fyrir *Siglingar*, SI6.

- Við nýtingu innan reitsins þarf að gæta að öryggi siglinga á SI6, þar með talið við útsetningu á búnaði og þjónustu við staðbundna nýtingu.

Á reit SN24 er leyfi í gildi (Háafell).

Tillaga starfshóps m.t.t. mótvægisáðgerða:

Núverandi leyfi þrengir að siglingarleið en í tillögu að strandsvæðisskipulagi er lagt til að minnka svæðið til að taka tillit til siglingarleiðar meðfram því. Tekið er undar þá nálgun en til viðbótar leggur vinnuhópurinn til að sett verði skilyrði um að bæta við siglingamerkjum á austurhorni reits og leiðarmerki (leiðarlínu) til að beina siglingum frá Eyrarfjalli.

Tillaga starfshóps m.t.t. útfærslu strandsvæðisskipulags:

Lagt til að bæta við ákvæði um að botnfestingar þurfi að vera í a.m.k. 15 metra dýpi þar sem reitur mætir siglingaleið.

Viðbætur við lýsingu og ákvæði eru eftirfarandi:

- Þar sem leyfissvæði fiskeldis liggur að SI6 skal sjókvíaeldisstöð ekki vera nær mörkum siglingaleiðar en 50 metra, nema áhættumat leiði í ljós að fjarlægð þurfi að vera meiri. Botnfestingar fiskeldiskvía (tóg og akkeri) skulu vera á meira en 15 metra dýpi (miðað við sjókortanúll) þar sem þær eru innan þess svæðis sem siglingaleið afmarkar.

ÖNUNDARFJÖRÐUR

SN19 Ingjaldssandur og Valþjófsdalur

<p><i>Athugasemd Vegagerðarinnar og Samgöngustofu:</i></p> <p>SN19 er á hefðbundinni siglingaleið, sem þá hefur verið skipulögð fjær landi.</p> <p>Í firðinum sunnanverðum eru nú þegar svæði í notkun. Skipulag gerir ráð fyrir stækkun svæðanna með SN19 en einnig er lagt til að norðan í firðinum verði sett svæðið SN20. Þetta getur hugsanlega þrengrt að siglingum inn fjörðinn. Hefðbundnar siglingaleiðir hafa verið færðar nær miðjum firðinum vegna svæðanna SN 19 og SN20.</p> <p><i>Lýsing og ákvæði reits í tillögu:</i></p> <p>Á skipulagsreitnum eru tvö leyfi til fiskeldis. Samkvæmt gögnum Hafrannsóknastofnunar um veiðar á árunum 2015-2019 hafa verið stundaðar dragnóta-, neta-, línu- og krókaveiðar innan reitsins. Reiturinn er innan marka mikilvægra fuglasvæða (Barði og Hrafnaskálarnúpur) þar sem fyll er í meirihluta en hann telst til tegunda í hættu samkvæmt valista Náttúrufræðistofnunar. Samkvæmt siglingagögnum frá PAME fyrir árin 2017-2020 er talsverð umferð skipa um reitinn og mun hún því færast nær miðju fjarðarins. Aðliggjandi er skipulagsreitur fyrir <i>Siglingar</i>, SI4.</p> <ul style="list-style-type: none"> - Við ákvörðun um leyfisveitingar skal taka afstöðu til vöktunar fuglalífs þar sem starfsemi kann að hafa áhrif á fugla. - Við nýtingu innan reitsins þarf að gæta að öryggi siglinga á SI4, þar með talið við útsetningu á búnaði og þjónustu við staðbundna nýtingu. 	<p>Á reit SN19 eru tvö leyfi í gildi (Ís 47). Önundarfjörður er djúpur og góður til siglinga.</p> <p><i>Tillaga starfshóps m.t.t. mótvægisáðgerða:</i></p> <p>Lagt er til að bæta við hliðarmerkingum til að beina siglingum inn fjörðinn og meðfram kvíunum. Lagt er til að skoðað verði hvort hliðarbaujur verði settar út sem AIS sýndarmerki eingöngu eða hluta en útfærsla er háð áhættumati.</p>
<p>SN20 Önundarfjörður</p>	
<p><i>Athugasemd Vegagerðarinnar og Samgöngustofu:</i></p>	<p>Önundarfjörður er talinn djúpur og góður til siglinga.</p>

SN20 er á hefðbundinni siglingaleið, sem þá hefur verið skipulögð fjær landi.

Í firðinum sunnanverðum eru nú þegar svæði í notkun. Skipulag gerir ráð fyrir stækkun svæðanna með SN19 en einnig er lagt til að norðan í firðinum verði sett svæðið SN20. Þetta getur hugsanlega þrengrt að siglingum inn fjörðinn. Hefðbundnar siglingaleiðir hafa verið færðar nær miðjum firðinum vegna svæðanna SN 19 og SN20.

Lýsing og ákvæði reits í tillögu:

Innan skipulagsreitsins eru áform um að sækja um leyfi til fiskeldis. Samkvæmt gögnum Hafrannsóknastofnunar um veiðar á árunum 2015-2019 hafa verið stundaðar dragnóta-, neta-, línu- og krókaveiðar innan reitsins. Samkvæmt siglingagögnum frá PAME fyrir árin 2017-2020 er umferð skipa um reitinn og mun hún því færast nær miðju fjarðarins. Aðliggjandi er skipulagsreitur fyrir *Siglingar*, SI4.

- Við nýtingu innan reitsins þarf að gæta að öryggi siglinga á SI4, þar með talið við útsetningu á búnaði og þjónustu við staðbundna nýtingu.

Tillaga starfshóps m.t.t. mótvægisáðgerða:

Lagt er til að bæta við hliðarmerkingum til að beina siglingum inn fjörðinn og frá kvíunum. Lagt er til að skoðað verði hvort hliðarbaujur verði settar út sem AIS sýndarmerki eingöngu eða hluta en útfærsla er háð áhættumati.

DÝRAFJÖRÐUR

SN15 Eyrarhlíð

Athugasemd Vegagerðarinnar og Samgöngustofu:

SN15 er á hefðbundinni siglingaleið, sem þá hefur verið skipulögð í miðju fjarðarins.

Svæðin SN15 og SN18 valda því að hefðbundnar siglingaleiðir leggjast af og verða að fara nær miðjum firðinum.

Á reit SN15 er leyfi í gildi (Arctic Sea Farm).

Tillaga starfshóps m.t.t. mótvægisáðgerða:

Engar aðgerðir lagðar til fyrir SN15 en lagt til að bæta við hliðarbauju við SN17 með ljóseinkennum sem merkja breytingu á beinni siglingaleið

<p><i>Lýsing og ákvæði reits í tillögu:</i></p> <p>Á skipulagsreitnum er leyfi til fiskeldis. Samkvæmt gögnum Hafrannsóknastofnunar um veiðar á árunum 2015-2019 hafa verið stundaðar veiðar innan reitsins með dragnót og krók. Aðliggjandi er land á náttúruminjaskrá (311) vegna fjölbreytts landslags, gróðursælla hlíða og dala umgirtum stórskornu fjalllendi. Svæðið er vinsælt göngusvæði og þar er m.a. hæsta fjall Vestfjarða, Kaldbakur. Samkvæmt siglingagögnum frá PAME frá árunum 2017-2020 er talsverð umferð skipa um reitinn og mun hún því færast nær miðju fjarðarins þegar starfsemi hefst á svæðinu. Aðliggjandi er skipulagsreitur fyrir <i>Siglingar</i>, SI3.</p> <ul style="list-style-type: none"> - Við ákvörðun um leyfisveitingar skal taka afstöðu til sjónrænna áhrifa af starfsemi. - Við nýtingu innan reitsins þarf að gæta að öryggi siglinga á SI3, þar með talið við útsetningu á búnaði og þjónustu við staðbundna nýtingu. 	<p>til að beina siglingum inn höfnina og frá svæðinu SN17. Endanleg útfærsla merkinganna er háð útkomu áhættumats.</p>
<p>SN18 Skagahlíð</p>	
<p><i>Athugasemd Vegagerðarinnar og Samgöngustofu:</i></p> <p>SN18 er á hefðbundinni siglingaleið, sem þá hefur verið skipulögð í miðju fjarðarins.</p> <p>Svæðin SN15 og SN18 valda því að hefðbundnar siglingaleiðir leggjast af og verða að fara nær miðjum firðinum.</p> <p><i>Lýsing og ákvæði reits í tillögu:</i></p> <p>Á skipulagsreitnum er leyfi til fiskeldis. Samkvæmt gögnum Hafrannsóknastofnunar um veiðar á árunum 2015-2019 hafa verið</p>	<p>Á reit SN18 er leyfi í gildi (Arctic Sea Farm).</p> <p><i>Tillaga starfshóps m.t.t. mótvægisáðgerða:</i></p> <p>Hefðbundin siglingaleið þrengist með horni reits en ekki er gert ráð fyrir breyttri legu reits.</p> <p>Engar aðgerðir lagðar til fyrir SN18, en lagt til að bæta við hliðarbauju við SN17 með ljóseinkennum sem merkja beygju til að beina siglingum</p>

<p>stundaðar neta- og krókaveiðar innan reitsins. Aðliggjandi landsvæði nýtur hverfisverndar samkvæmt Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 vegna lítt snortinna landslagsheilda frá fjöru að fjallstoppum. Samkvæmt siglingagögnum frá PAME frá árunum 2017-2020 er talsverð umferð skipa um reitinn og mun hún því færast nær miðju fjarðarins þegar starfsemi hefst innan reitsins. Aðliggjandi er skipulagsreitur fyrir <i>Siglingar</i>, SI3.</p> <ul style="list-style-type: none"> - Við ákvörðun um leyfisveitingar skal taka afstöðu til sjónrænna áhrifa af starfsemi. - Við nýtingu innan reitsins þarf að gæta að öryggi siglinga á SI3, þar með talið við útsetningu á búnaði og þjónustu við staðbundna nýtingu. 	<p>inn höfnina og frá svæðinu SN18. Endanleg útfærsla merkinganna er háð útkomu áhættumats.</p>
--	---

ARNARFJÖRÐUR

SN6 Kirkjuból

<p><i>Athugasemd Vegagerðarinnar og Samgöngustofu:</i></p> <p>SN6 er í hvítum ljósgeira frá vitanum á Langanesi.</p> <p><i>Lýsing og ákvæði reits í tillögu:</i></p> <p>Á skipulagsreitnum er leyfi til fiskeldis. Samkvæmt gögnum Hafrannsóknastofnunar um veiðar á árunum 2015-2019 hafa verið stundaðar dragnóta- og krókaveiðar innan reitsins. Suðurströnd Arnarfjarðar og skaginn allur er á náttúruminjaskrá (nr. 340) vegna sérkennilegs og óvenjulegs landslags, grunnra dala milli hárra, þverhníptrá hamrafjalla sem ganga fram undir sjó og fallegra skeljasandsfjara með auðugu fuglalífi. Í samráði við gerð strandsvæðisskipulags kom fram að suðurströnd Arnarfjarðar væri vinsæll útivistarstaður.</p>	<p>Á reit SN6 er leyfi í gildi (Arnarlax).</p> <p><i>Tillaga starfshóps m.t.t. mótvægisáðgerða:</i></p> <p>Fyrir Arnarfjörð almennt er lagt til að breyta núverandi hvítum geira og setja stýringu vitans í hvítu út eftir miðjum firðinum eða að endurnýja vita og setja nýjan stefnuvita eftir aðstæðum. Breyta þarf hvítum ljósgeira í rauðan þar sem SN reitir fara inn á hann en að þrengri hvítur geiri beinist bæði út fjörðinn og inn að Bíldudal. Endanleg útfærsla á breyttum siglingarmerkjum og fjarlægðartakmarkanir eru háðar útkomu áhættumats.</p>
---	--

<ul style="list-style-type: none"> - Við ákvörðun um leyfisveitingar skal taka afstöðu til sjónrænna áhrifa af starfsemi vegna nálægðar við svæði á náttúruminjaskrá. - Við ákvörðun um leyfisveitingar skal taka afstöðu til vöktunar fuglalífs þar sem starfsemi kann að hafa áhrif á það. 	
--	--

SN7 Hringisdalur

Athugasemd Vegagerðarinnar og Samgöngustofu:

SN7 er í hvítum ljósgeira frá vitanum á Langanesi.

Lýsing og ákvæði reits í tillögu:

Á skipulagsreitnum er leyfi til fiskeldis. Hluti leyfisins er inni á aðliggjandi skipulagsreit sem skilgreint er í nýtingarflokknum *Umhverfi og náttúra*, UN5. Gert er ráð fyrir að leyfið verð fært út fyrir UN5. Samkvæmt gögnum Hafrannsóknastofnunar um veiðar á árunum 2015-2019 hafa verið stundaðar veiðar á reitnum. Suðurströnd Arnarfjarðar og skaginn allur er á náttúruminjaskrá (nr. 340) vegna sérkennilegs og óvenjulegs landslags, grunnra dala milli hárra, þverhníptrá hamrafjalla sem ganga fram undir sjó og fallelgra skeljasandsfjara með auðugu fuglalífi. Í samráði við gerð strandsvæðisskipulags kom fram að suðurströnd Arnarfjarðar væri vinsæll útivistarstaður.

- Við ákvörðun um leyfisveitingar skal taka afstöðu til sjónrænna áhrifa af starfsemi vegna nálægðar við svæði á náttúruminjaskrá.
- Við ákvörðun um leyfisveitingar skal taka afstöðu til vöktunar fuglalífs þar sem starfsemi kann að hafa áhrif á það.

Á reit SN7 er leyfi í gildi (Arnarlax).

Tillaga starfshóps m.t.t. mótvægisáðgerða:

Fyrir Arnarfjörð almennt er lagt til að breyta núverandi hvítum geira og setja stýringu vitans í hvítu út eftir miðjum firðinum eða að endurnýja vita og setja nýjan stefnuvita. Breyta þyrfti hvítum ljósgeira í rauðan þar sem SN reitir fara inn á hann en að þrengri hvítur geiri beinist bæði út fjörðinn og inn að Bíldudal. Endanleg útfærsla á breyttum siglingarmerkjum og fjarlægðartakmarkanir eru háðar útkomu áhættumats.

SN8 Hrísdalur

<p><i>Athugasemd Vegagerðarinnar og Samgöngustofu:</i></p> <p>SN8 er í hvítum ljósgeira frá vitanum á Langanesi.</p> <p><i>Lýsing og ákvæði reits í tillögu:</i></p> <p>Innan skipulagsreitsins liggur fyrir umsókn um leyfi til fiskeldis ásamt tillögu Hafrannsóknastofnunar að afmörkun eldissvæðis skv. 4. gr. a í lögum um fiskeldi. Samkvæmt gögnum Hafrannsóknastofnunar um veiðar á árunum 2015-2019 hafa verið stundaðar króka- og línuveiðar innan reitsins.</p>	<p>Á reit SN8 er leyfi í gildi (Arctic Sea Farm).</p> <p><i>Tillaga starfshóps m.t.t. mótvægisáðgerða:</i></p> <p>Fyrir Arnarfjörð almennt er lagt til að breyta núverandi hvítum geira og setja stýringu vitans í hvítu út eftir miðjum firðinum eða að endurnýja vita og setja nýjan stefnuvita eftir aðstæðum. Breyta þyrfti hvítum ljósgeira í rauðan þar sem SN reitir fara inn á hann en að þrengri hvítur geiri beinist bæði út fjörðinn og inn að Bíldudal. Endanleg útfærsla á breyttum siglingarmerkjum og fjarlægðartakmarkanir eru háðar útkomu áhættumats.</p>
<p>SN12 Langanesströnd</p>	
<p><i>Athugasemd Vegagerðarinnar og Samgöngustofu:</i></p> <p>SN12 með leyfi fyrir efnistöku á kalkþörungaseti er mjög nálægt sjólögnum og gæti efnistakan valdið skemmdum á þeim.</p> <p><i>Lýsing og ákvæði reits í tillögu:</i></p> <p>Skipulagsreiturinn er tvískiptur sitt hvorum megin við LV7. Á skipulagsreitnum er leyfi fyrir efnistöku á kalkþörungaseti. Þá liggur fyrir tillaga Hafrannsóknastofnunar að afmörkun eldissvæðis skv. 4. Gr. a í lögum um fiskeldi á hluta reitsins. Samkvæmt gögnum Hafrannsóknastofnunar um veiðar á árunum 2015-2019 hafa verið stundaðar rækjuveiðar innan reitsins.</p>	<p>Á reit SN12 er gert ráð fyrir að efnistaka verði víkjandi á helgunarsvæði lagna og vega og að ekki komi til með að endurnýja leyfi þar innan. Hluti reitsins er innan hvíts ljósgeira Langanesvita.</p> <p><i>Tillaga starfshóps m.t.t. mótvægisáðgerða:</i></p> <p>Fyrir Arnarfjörð almennt er lagt til að setja stýringu vita út eftir miðjum firðinum eða að endurnýja vita og setja nýjan stefnuvita. Breyta þyrfti hvítum ljósgeira í rauðan þar sem SN reitir fara inn á hann en að þrengri hvítur geiri beinist bæði út fjörðinn og inn að Bíldudal. Endanleg útfærsla á breyttum siglingarmerkjum og fjarlægðartakmarkanir eru háðar útkomu áhættumats.</p>

TÁLKNAFJÖRÐUR

SN5 Laugardalur

Athugasemd Vegagerðarinnar og Samgöngustofu:

SN5 er á hefðbundinni siglingaleið, sem þá hefur verið skipulögð í miðju fjarðarins.

Lýsing og ákvæði reits í tillögu:

Á skipulagsreitnum er leyfi til fiskeldis. Samkvæmt gögnum Hafrannsóknastofnunar um veiðar á árunum 2015-2019 hafa verið stundaðar króka- og línuveiðar á svæðinu. Samkvæmt siglingagögnum frá PAME frá árunum 2017-2020 er talsverð umferð skipa um reitinn og mun hún því færast nær miðju fjarðarins. Aðliggjandi er svæði fyrir siglingar, SI1.

- Við nýtingu innan reitsins þarf að gæta að öryggi siglinga á SI1, þar með talið við útsetningu á búnaði og þjónustu við staðbundna nýtingu.

Á reit SN5 er leyfi í gildi (Arnarlax).

Tillaga starfshóps m.t.t. mótvægisáðgerða:

Fyrir Tálknafjörð almennt er lagt til að breyta staðsetningu á leiðarlínu svo hún beinist í farveg siglingareits tillögunnar. Til að tryggja góða stýringu gæti verið æskilegt að setja upp nýja leiðarlínu eða stefnuvita í stað leiðarlínunnar með alþjóðanúmerið L4565 sem leiðir inn sunnið Sveinseyrar til að beina þröngum hvítum geira út fjörðinn fyrir siglingar meðfram SN5 og SN4. Endanleg útfærsla á breyttum siglingarmerkjum og fjarlægðartakmarkanir eru háðar útkomu áhættumats.

PATREKSFJÖRÐUR

SN1 Kvígindisdalur

Athugasemd Vegagerðarinnar og Samgöngustofu:

SN1 er innan hvíta geirans frá Ólafsvita og er sett í hefðbundna siglingaleið og þrengir hugsanlega að siglingu inn til Patreksfjarðar.

Lýsing og ákvæði reits í tillögu:

Á skipulagsreitnum er leyfi til fiskeldis. Áformað er aukið fiskeldi innan reitsins. Samkvæmt gögnum Hafrannsóknastofnunar um

Á reit SN1 er leyfi í gildi (Arctic Sea Farm). Hvítur geiri nýtist siglingum frá höfninni í Patreksfirði.

Tillaga starfshóps m.t.t. mótvægisáðgerða:

Finna þarf leið til að merkja siglingar frá höfn og framhjá kvíum í samráði við hafnaryfirvöld. Slökkva þarf á hvítum geira og setja rauðan geira í stað hans. Jafnframt þarf að merkja með baujum meðfram

veiðar á árunum 2015-2019 hafa verið stundaðar krókaveiðar á svæðinu. Reiturinn er að hluta innan siglingageira Ólafsvita sem hefur áhrif á fyrirkomulag búnaðar innan reitsins þar sem ekki má sigla nær jaðri sjókvíaeldisstöðva en 50 metra samkvæmt reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020.

- Við ákvörðun um leyfisveitingar skal leita umsagnar Landhelgisgæslunnar og Samgöngustofu um staðsetningu sjókvíaeldisstöðvar og festinga.

kvínni. Endanleg útfærsla á nýjum siglingarmerkjum og fjarlægðartakmarkanir eru háðar útkomu áhættumats. Útfærsluna þarf að vinna í samráði við hafnaryfirvöld á svæðinu auk Vegagerðar, Samgöngustofu og Landhelgisgæslu

Tillaga starfshóps m.t.t. útfærslu strandsvæðisskipulags:

Lagt er til að bæta Vegagerðinni við sem umsagnaraðila í ákvæðum um samráð í tillögunni.

Viðbætur við lýsingu og ákvæði eru eftirfarandi:

- Við ákvörðun um leyfi skal umsækjandi leggja fram gögn um staðsetningu sjókvíaeldisstöðvar, festinga og sjómerkinga sem áætlað er að setja upp ásamt áhættumati um siglingaöryggi og leita umsagnar Vegagerðarinnar, Samgöngustofu, Landhelgisgæslunnar og viðkomandi hafnaryfirvalda.

Viðauki við minnisblað starfshóps um siglingaöryggi við nýtingarsvæði.

Hvítur geisli geiravita

Vegna vinnu við skipulag haf- og strandsvæða hafa spurningar vaknað um þýðingu hvíts ljósgeisla frá vitum sem merkja áhrifasvæðið sitt í bæði hvítum ljósgeira og lituðum hættuhornum og áhrif þeirra á siglingaleiðir og heimildir til þess að setja upp mannvirki innan hvíts geisla frá slíkum vitum.

Ísland er aðili að Alþjóðasiglingamálastofnuninni, IMO (International Maritime Organisation) sem sér um setningu alþjóðareglna á sviði siglingamála. Skyldur strandríkis sem er aðili að Alþjóðasiglingastofnun eru settar m.a. fram í Alþjóðasamningi um öryggi mannlífa á hafinu (International Convention for the Safety of Life at Sea), SOLAS.

Alþjóðasamningurinn (SOLAS) var undirritaður árið 1974 en rætur hans liggja þó í eldri samningum en sá elsti var gerður árið 1914 sem viðbrögð við Titanic slysinu. Samningurinn, sem hefur verið fullgiltur af 167 ríkjum, setur þær kröfur á herðar viðkomandi strandríkis að setja upp leiðbeiningakerfi fyrir sjófarendur í samræmi við þá áhættu sem er til staðar og þéttleiki siglinga krefst. Íslenska ríkið hefur fullgilt SOLAS samningin og tók hann gildi hér á landi þann 6. júní 1983. Við samninginn hafa verið gerðir viðaukar sem hafa lagagildi enda hafi þeir verið birtir skv. 9. gr. a. laga um Samgöngustofu nr. 119/2012.

Í 5. kafla, 2. mgr. 13. gr. I. viðauka samningsins kemur þannig fram að taka skuli mið af alþjóðlegum tilmælum og viðmiðunarreglum þegar sett er upp leiðsögukerfi fyrir sjófarendur til þess að sjófarendur upplifi kerfið sem einsleitt og það virki á sama hátt á alþjóðavísu.

Þessi alþjóðlegu tilmæli koma t.a.m. fram í tilmælum alþjóðavitasamtakanna IALA, sem tilgreina að hvítur ljósgeiri vita merki örugga leið – “Safe Passage” sbr. viðmiðunarreglu IALA G1041 um geiraljós vita, en samtökin hafa það að markmiði að tryggja öruggar, hagkvæmar og skilvirkar ferðir skipa með því að stuðla að bættri og samræmdri aðstoð með leiðsöguvirkjum og kerfum sem staðsett eru fyrir utan skip.

Upplýsingar um hvítan ljósgeisla vita eru merkt inn á opinber sjókort sem gefin eru út af Landhelgisgæslu Íslands. Í 10. gr. 5. mgr. reglna um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa nr. 189/1994 kemur fram að skipstjórnarmönnum beri að hafa prentuð sjókort um borð í skipi sínu.



Tilkynna ber um alla farartálma sem verða á almennri siglingaleið og ekki er getið í sjókortum eða tilkynningum til sjófarenda. Verði breytingar á leiðbeiningum til öryggis í siglingum skulu þær tilkynntar og sjókort svo uppfærð, sbr. 9. gr. laga um vitamál nr. 132/1999. Slíkar leiðbeiningar eru t.d. ljósgeislar vita sbr. 2. gr. laga um vitamál.

Löggjafinn hefur þannig lagt á það ríka áherslu að sjókort séu ávallt rétt og uppfærð og sjófarendur geti þannig treyst á að kortin veiti ekki rangar upplýsingar. Mannvirki, sem staðsett væri í hvítum geisla, jafnvel þótt mannvirkið væri merkt með ljósum, gerir sjókort röng.

Í 4. gr. laga um vitamál nr. 132/1999 kemur fram að óheimilt sé að: “byggja hús eða mannvirki sem skyggt gætu á leiðarmerki frá sjónum á þeim boga sjóndeildarhringsins þar sem því er ætlað að þjóna sjófarendum, og hæfilega langt til beggja handa.” Auk þess er óheimilt að setja upp ljós eða önnur merki sem kynnu að villa um fyrir sjófarendum.

Tilgangur ákvæðisins hlýtur að vera sá að tryggja að sjófarendur geti nýtt sér ljósgeisla vita til leiðsagnar. Ákvæðið hlýtur að þurfa að skýra í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar í SOLAS samningnum og í samræmi við vilja löggjafans hvað varðar leiðbeiningar til sjófarenda. Í greinargerð með eldri lögum um vitamál var tekið fram að ákvæðið væri í samræmi við gildandi lög enda væri auðsætt að öryggi sjófarenda gæti verið undir þessu komið.

Ákvæði 4. gr. er ekki bundið við mannvirki í landi, enda teljast mannvirki á eða í hafi, vötnum og ám sem hafa fasta staðsetningu einnig til mannvirkja sbr. lög um mannvirki nr. 160/2010. Í 10. gr. laga um vitamál er svo einnig vísað til fljótandi mannvirkja á sjó, svo sem fiskeldiskvía.

Ofangreind 10. gr. fjallar um farartálma á sjó og skyldu þeirra sem koma að slíkum mannvirkjum til þess að leita umsagnar um legu og merkingu þeirra. Sú skylda tekur til allra mannvirkja í sjó, þ.e. líka utan við svæðið sem tilgreint er í 4. gr.

Telur Vegagerðin að ákvæði 4. gr. laga um vitamál kveði á um að óheimilt sé að staðsetja mannvirki, hvort sem er á sjó eða landi, með þeim hætti að þau skyggi á leiðarmerki eða hafi á einhvern hátt þau áhrif að sjófarendur geti ekki treyst leiðarmerkjum.

Með vísan til ofangreinds beri að líta svo á að sé svæði í hvítum ljósgeira vita, og þannig merkt á útgefnum sjókortum, sé verið að gefa þau alþjóðlegu skilaboð að sjóleiðin sé örugg og vísi skipum á siglingaleið sem sé án hindrana. Mannvirki, jafnvel þótt þau séu merkt, eru hindrun á siglingaleið og því óheimilt að staðsetja þau innan hvíts geira skv. 4. gr. laga um vitamál.